

Alþingi
Erindi nr. P/22/1813
komudagur 15.4.198



Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Garðabæ, 08.04.1998

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar, sem haldinn var þann 2. apríl sl., var tekið til umfjöllunar erindi félagsmálanefndar Alþingis varðandi frumvarp til laga um húsnæðismál, dags. 11.03.98, og var eftirfarandi samþykkt gerð:

"Bæjarstjórn Garðabæjar fagna fram komna frumvarpi til laga um húsnæðismál og telur löngu orðið tímabært að breyta gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Bæjarstjórn tekur undir ályktun 54. fulltrúaráðsfundar Sambands isl. sveitarfélaga og hvetur félagsmálaráðherra til þess að beita sér fyrir því að í nýjum lögum um húsnæðismál verði rýmkaðar til muna frá gildandi lögum heimildir til byggingar leiguíbúða, þannig að öðrum aðilum en sveitarstjórnnum verði gert kleift að byggja og reka leiguíbúðir. Með því væri stuðlað að tímabærri fjölgun leiguíbúða umfram það, sem sveitarstjórnnum er unnt að sinna. Að mati bæjarstjórnar er æskilegra, að bygging og rekstur leiguíbúða sé í ríkari mæli á höndum annarra aðila en sveitarfélaganna, en slíkt fyrirkomulag ætti að gera sveitarfélögum auðveldara um vik að veita þeim fjölskyldum húsaleigustyrk, sem á því þurfa að halda."

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar tilkynnist hér með.

Við ingarfyllst,


Ingimundur Sigurðsson,
bæjarstjóri